



**Landsvirkjun**

**Samstæða**

**Samandreginn árshlutareikningur  
1. janúar til 30. júní 2008**

Landsvirkjun  
Háaleitisbraut 68  
103 Reykjavík

Kt. 420269-1299

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra .....	3	Eiginfjáryfirlit .....	7
Könnunaráritun óháðra endurskoðenda .....	4	Sjóðstreymisyfirlit .....	8
Rekstrarreikningur .....	5	Skýringar .....	9
Efnahagsreikningur .....	6		

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

---

Tilgangur Landsvirkjunar er að stunda starfsemi á orkusviði ásamt annarri viðskipta- og fjármálastarfsemi samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Samstæðureikningur fyrirtækisins tekur, auk móðurfélagsins, til fimm dótturfélaga, Fjarska ehf., Hraunaveitu ehf., Icelandic Power Insurance Ltd., Landsnets hf., og Landsvirkjunar Power ehf. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadöllum sem er starfrækslugjaldmiðill Landsvirkjunar frá ársbyrjun 2008. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 83.449 þúsundum USD. Tekjur samstæðunnar námu 239.623 þúsundum USD á tímabilinu. Eigið fé samstæðunnar í lok tímabilsins var 1.758.031 þúsund USD samkvæmt efnahagsreikningi.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur fyrirtækisins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. júní 2008 og rekstrarafkomu fyrirtækisins og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008.

Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra gefi glögg yfirlit um árangur í rekstri fyrirtækisins, stöðu þess og þróun og lýsi helstu áhættuþáttum sem fyrirtækið býr við.

Stjórn og forstjóri staðfesta hér með samstæðuárshlutareikninginn með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. ágúst 2008.

Í stjórn félagsins:

Ingimundur Sigurpálsson

Bryndís Hlöðversdóttir

Gylfi Árnason

Jóna Jónsdóttir

Páll Magnússon

Forstjóri:

Friðrik Sophusson

# Könnunaráritun óháðra endurskoðenda

---

Til stjórnar og eigenda Landsvirkjunar

## Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Landsvirkjunar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum*. Könnun árs hlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á sama hátt og þegar um endurskoðun er að ræða.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árs hlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu fyrirtækisins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 27. ágúst 2008.

**KPMG hf.**

Jón Eiríksson

Reynir Stefán Gylfason

# Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2008

	Skýr.	2008	2007
		1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<b>Rekstrartekjur</b>			
Raforkusala .....		207.132	140.898
Flutningstekjur .....		30.671	30.377
Aðrar tekjur .....		1.820	2.152
		239.623	173.427
<b>Rekstrargjöld</b>			
Orkusvið .....		59.653	43.268
Flutningskerfi .....		20.862	18.038
Almennar rannsóknir .....		2.554	7.727
Annar rekstrarkostnaður .....	7	18.514	16.188
		101.583	85.221
<b>Rekstrarhagnaður</b> .....		138.040	88.206
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur .....		9.287	2.851
Vaxtagjöld .....		( 91.350)	( 37.097)
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....		79.467	365.656
Áhrif hlutdeildarféлага .....		( 1.018)	0
	8	( 3.614)	331.409
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b> .....		134.426	419.616
Tekjuskattur .....	9	( 50.977)	( 111.032)
<b>Hagnaður tímabilsins</b> .....		83.449	308.584
<b>Skipting hagnaðar</b>			
Eigendur móðurfélags .....		105.421	309.174
Minnihluti í dótturfélögum .....		( 21.972)	( 591)
		83.449	308.584

Skýringar nr. 1 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.

## Efnahagsreikningur 30. júní 2008

<b>Eignir</b>	Skýr.	30.06. 2008	31.12. 2007
<b>Fastafjármunir</b>			
Rekstrarfjármunir .....	10	3.576.937	3.651.660
Rekstrarfjármunir í byggingu .....	20	339.781	234.650
Óefnislegar eignir .....	11	118.264	94.113
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....		20.430	6.918
Eignarhlutir í öðrum félögum .....		41	2.313
Afleiðusamningar .....	13	1.016.309	659.516
Aðrar langtímakröfur .....		57	494
Skatteign .....	9	35.140	106.797
Fastafjármunir samtals		<u>5.106.959</u>	<u>4.756.460</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....		4.245	5.437
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur .....		91.265	73.337
Eignir til sölu .....		11.721	0
Afleiðusamningar .....	13	153.670	127.491
Handbært fé .....		137.459	179.578
Veltufjármunir samtals		<u>398.360</u>	<u>385.843</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>5.505.319</u></u>	<u><u>5.142.303</u></u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Eigendaframlög .....		586.512	586.512
Endurmatsreikningur .....	3	56.221	0
Annað eigið fé .....		1.082.375	985.174
		<u>1.725.108</u>	<u>1.571.686</u>
Hlutdeild minnihluta .....		32.923	28.459
Eigið fé samtals		<u>1.758.031</u>	<u>1.600.145</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Skuldir til langs tíma .....	16	3.016.116	2.735.753
Lífeyrisskuldbindingar .....		31.907	38.153
Skuldbinding vegna niðurrifs .....	18	5.818	7.212
Tekjuskattsskuldbinding .....		3.095	0
Afleiðusamningar .....	13	290.408	105.191
		<u>3.347.344</u>	<u>2.886.310</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		202.341	247.277
Afborganir langtímaskulda á næsta ári .....	17	142.175	347.329
Afleiðusamningar .....	13	55.428	61.242
		<u>399.944</u>	<u>655.848</u>
Skuldir samtals		<u>3.747.288</u>	<u>3.542.158</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>5.505.319</u></u>	<u><u>5.142.303</u></u>

Skýringar nr. 1 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.

# Eiginfjáryfirlit 1. janúar 2007 til 30. júní 2008

1. janúar til 30. júní 2007	Skýr.	Eigenda- framlög	Endurmats- reikningur	Annað eigið fé	Eigið fé meirihluta- eigenda	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Eigið fé 1. janúar 2007 .....		586.512		530.169	1.116.681	26.591	1.143.272
Þýðingarmunur .....				( 673 )	( 673 )		( 673 )
Hagnaður tímabilsins .....				309.174	309.174	( 591 )	308.584
Heildarhagnaður tímabilsins ..				308.501	308.501	( 591 )	307.910
Arður til eigenda .....				( 8.065 )	( 8.065 )		( 8.065 )
Eigið fé 30. júní 2007 .....		586.512		830.606	1.417.117	26.001	1.443.118

1. janúar til 30. júní 2008		Eigenda- framlög	Endurmats- reikningur	Annað eigið fé	Eigið fé meirihluta- eigenda	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Eigið fé 1. janúar 2008 .....		586.512		985.174	1.571.686	28.459	1.600.145
Þýðingarmunur .....				( 388 )	( 388 )	( 4.198 )	( 4.586 )
Endurmat .....	3		66.142		66.142	36.040	102.182
Tekjuskattsáhrif af endurmati .			( 9.921 )		( 9.921 )	( 5.406 )	( 15.327 )
Hagnaður tímabilsins .....				105.421	105.421	( 21.972 )	83.449
Heildarhagnaður tímabilsins ..		586.512	56.221	105.033	161.254	4.464	165.718
Arður til eigenda .....				( 7.831 )	( 7.831 )		( 7.831 )
Eigið fé 30. júní 2008 .....		586.512	56.221	1.082.376	1.725.108	32.923	1.758.031

Skýringar nr. 1 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2008

	2008	2007
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Innborganir viðskiptavina .....	220.018	182.296
Greiddur rekstrarkostnaður .....	( 59.418 )	( 47.027 )
Handbært fé frá rekstri án vaxta .....	160.600	135.269
Innborgaðar vaxtatekjur .....	9.220	2.862
Greidd vaxtagjöld og gjaldeyrismunur .....	( 61.616 )	( 39.416 )
Greiddar áhættuvarnir .....	( 31.848 )	( 33.783 )
Handbært fé frá rekstri	76.356	64.932
 <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Kárahjúkavirkjun - aflstöð .....	( 121.273 )	( 231.417 )
Fjárfesting í flutningsvirkjum .....	( 8.137 )	( 20.178 )
Virkjunarundirbúningur .....	( 23.208 )	( 8.809 )
Keypt hlutabréf .....	( 11.067 )	( 2.308 )
Seld hlutabréf .....	8.023	0
Aðrar fjárfestingar .....	( 10.993 )	( 8.482 )
Seldar eignir .....	55	151
Ógreiddur framkvæmdakostnaður, breyting .....	( 47.023 )	46.809
	( 213.623 )	( 224.235 )
Aðrar kröfur, breyting .....	0	33.182
Fjárfestingarhreyfingar	( 213.623 )	( 191.053 )
 <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Ný lán .....	272.802	302.188
Afborganir lána til langs tíma .....	( 167.900 )	( 52.027 )
Greiddur arður til eigenda .....	( 7.831 )	( 8.065 )
Fjármögnunarhreyfingar	97.071	242.097
 <b>(Lækkun) hækkun á handbæru fé.....</b>	<b>( 40.196 )</b>	<b>115.976</b>
<b>Áhrif gengisbreytinga á handbært fé.....</b>	<b>( 1.923 )</b>	<b>( 673 )</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>	<b>179.578</b>	<b>74.963</b>
<b>Handbært fé í lok tímabilsins .....</b>	<b>137.459</b>	<b>190.266</b>

Skýringar nr. 1 til 26 eru óaðskiljanlegur hluti þessa samandregna árshlutareiknings.



# Skýringar

---

## Almennar upplýsingar

### 1. Félagið

Landsvirkjun er sameignarfyrtæki sem er með starfsstöðvar sínar á Íslandi og eru höfuðstöðvar þess að Háaleitisbraut 68, Reykjavík. Landsvirkjun starfar á grundvelli laga nr. 42/1983 um fyrirtækið. Árshlutareikningurinn er fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008.

### 2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Samandreginn árshlutareikningur fyrirtækisins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Landsvirkjunar inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning fyrirtækisins fyrir árið 2007.

Stjórn félagsins heimilaði birtingu árshlutareikningsins 27. ágúst 2008.

### 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings samstæðunnar fyrir árið 2007, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir vegna endurmats rekstrarfjármuna. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess [www.landsvirkjun.is](http://www.landsvirkjun.is) og á vef Kauphallar Íslands; [www.omxnordicexchange.com](http://www.omxnordicexchange.com). Samanburðarfjárhæðir hafa verið endurreiknaðar til samræmis við framsetningu reikningsskila tímabilsins.

Árshlutareikningurinn er gerður í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill Landsvirkjunar frá ársbyrjun 2008. Fjárhæðir eru birtar í þúsundum Bandaríkjadala nema annað sé tekið fram. Árshlutareikningurinn byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að afleiðusamningar, flutningsvirki, veltufjáreignir, veltufjárskuldir og eignarhlutar í öðrum félögum eru færðir á gangvirði.

Í samræmi við heimild í alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS 16 voru línur og tengivirki Landsnets hf. færð samkvæmt endurmatsaðferð (e. revaluation method). Þannig eru línur og tengivirki skráðar á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eignar var aflað. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

### 4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

## Skýringar, frh.:

### Starfsþáttayfirlit

#### 5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir sviðum. Aðalstarfsþáttayfirlit er birt eftir eðli rekstar og byggir það á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Verðlag í viðskiptum milli starfsþátta er ákvarðað eins og um óskylda aðila væri að ræða.

Rekstrarafkoma starfsþátta tekur til þátta sem heyra beint undir ákveðna starfsþætti og til þeirra liða sem hægt er að skipta á milli starfsþátta með rökrænum hætti. Eignum og skuldum samstæðunnar er á sama hátt skipt á starfsþætti miðað við fyrrgreindar forsendur.

	Orku- framleiðsla	Orku- flutningur	Jöfnunar- færslur	Samtals
<b>Starfsþættir 1.1. - 30.6 2008</b>				
Tekjur frá þriðja aðila .....	208.880	30.743		239.623
Tekjur innan samstæðunnar .....	17.897	36.626	( 54.523)	0
Tekjur starfsþátta .....	226.777	67.369	( 54.523)	239.623
Rekstrargjöld starfsþátta .....	( 78.303)	( 26.469)	54.523	( 50.249)
EBITDA .....	148.474	40.900		189.374
Afskriftir .....	( 39.597)	( 11.974)	237	( 51.333)
Afkoma starfsþátta, EBIT .....	108.877	28.926	237	138.040
Eignir starfsþátta .....	5.378.606	730.834	( 624.551)	5.484.889
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum .....	19.887	543	0	20.430
Eignir samtals .....	5.398.493	731.377	( 624.551)	5.505.319
Starfsþáttaskuldir .....	3.614.739	638.032	( 505.483)	3.747.288
Skuldir samtals .....	3.614.739	638.032	( 505.483)	3.747.288
<b>Starfsþættir 1.1. - 30.6 2007</b>				
Tekjur frá þriðja aðila .....	142.935	30.491		173.426
Tekjur innan samstæðunnar .....	13.971	21.163	( 35.134)	0
Tekjur starfsþátta .....	156.906	51.654	( 35.134)	173.426
Rekstrargjöld starfsþátta .....	( 58.374)	( 24.838)	35.134	( 48.078)
EBITDA .....	98.532	26.816		125.348
Afskriftir .....	( 27.995)	( 9.174)	27	( 37.142)
Afkoma starfsþátta, EBIT .....	70.537	17.642	27	88.206
Eignir starfsþátta 31.12.2007 .....	5.071.638	794.512	( 730.765)	5.135.386
Eignarhlutir í hlutdeildarfélagum 31.12.2007 .....	6.255	663	0	6.918
Eignir samtals 31.12.2007 .....	5.077.893	795.175	( 730.765)	5.142.303
Starfsþáttaskuldir 31.12.2007 .....	3.435.451	714.747	( 608.040)	3.542.158
Skuldir samtals 31.12.2007 .....	3.435.451	714.747	( 608.040)	3.542.158

## Skýringar, frh.:

### Laun og launatengd gjöld

	2008	2007
6. Heildarlaun starfsmanna greinast þannig:	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Laun .....	17.512	17.645
Eftirlaun og lífeyrishækkanir .....	3.318	3.355
Önnur launatengd gjöld .....	3.952	4.242
	<u>24.782</u>	<u>25.242</u>
Laun og launatengd gjöld skiptast þannig:		
Orkusvið .....	7.653	7.887
Flutningskerfi .....	6.267	6.597
Almennar rannsóknir .....	108	806
Annar rekstrarkostnaður .....	10.754	9.952
	<u>24.782</u>	<u>25.242</u>

### Annar rekstrarkostnaður

7. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:		
Yfirstjórn og stoðdeildir .....	2.118	2.016
Fjármálasvið .....	2.144	1.758
Starfsmannasvið .....	706	629
Upplýsingasvið .....	1.811	1.532
Verkfræði- og framkvæmdasvið .....	538	1.516
Eftirlaun og lífeyrishækkanir .....	3.165	2.806
Annar sameiginlegur kostnaður .....	891	839
	<u>11.373</u>	<u>11.097</u>
Annar rekstrarkostnaður í dótturfélögum .....	5.199	3.073
Afskriftir .....	1.942	2.018
	<u>18.514</u>	<u>16.188</u>

### Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

8. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:		
Vaxtatekjur .....	9.287	2.851
Vaxtagjöld .....	( 93.144)	( 67.805)
Ábyrgðargjald til eigenda .....	( 3.553)	( 3.264)
Eignfært á nýbyggingar .....	5.347	33.972
Vaxtagjöld samtals .....	<u>( 91.350)</u>	<u>( 37.097)</u>
Gjaldeyrismunur .....	( 144.475)	300.183
Gangvirðisbreyting afleiðusamninga .....	223.942	65.473
Hreinar tekjur af fjáreignum og fjárskuldum .....	79.467	365.656
Áhrif hlutdeildafélaga og annarra hlutafélaga .....	( 1.018)	0
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	<u>( 3.614)</u>	<u>331.409</u>

## Skýringar, frh.:

Vaxtakostnaður af nýju lánsfé vegna mannvirkja í byggingu var um 4,01%. Eignfærður vaxtakostnaður að viðbættu álagi vegna ábyrgðargjalds nam 4,26% af bundnu fé í mannvirkjum í byggingu.

### 9. Tekjuskattur

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi lækkun á tekjuskattshlutfalli úr 26% í 23,5% hjá sameignarfyrtækjum og lækkun úr 18% í 15% hjá hlutafélögum frá og með 1. janúar 2008 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2009. Vegna þessa hefur skatteign fyrirtækisins lækkað um 10,4 milljónir í ársbyrjun 2008 sem færast til gjalda í rekstrarreikningi, en einnig hefur hlutdeild í afkomu hlutdeildar- og dótturfélaga áhrif sem veldur því að virkt tekjuskattshlutfall samstæðunnar á fyrri helmingi ársins 2008 var 37,9% en var 26,5% fyrir sama tímabil 2007.

### Fastafjármunir

10. Rekstrarfjármunir, stofnverð þeirra og afskriftir greinast þannig:

<i>Kostnaðarverð</i>	Aflstöðvar	Flutnings-kerfi	Fjarskipta-búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 1.1.2007 .....	2.697.778	474.287	11.856	70.698	3.254.619
Viðbætur á tímabilinu .....	7.509	49.253	878	8.015	65.655
Flutt af rekstrarfjármunum í byggingu .....	1.708.553	163.184	0 (	147)	1.871.590
Selt og aflagt .....	0	0	0 (	1.509)	( 1.509)
Staða 31.12.2007 .....	4.413.840	686.724	12.734	77.057	5.190.355
Þýðingarmunur .....		( 149.545)	( 2.773)	( 8.144)	( 160.462)
Endurmat .....	0	102.182	0	0	102.182
Viðbætur á tímabilinu .....	14.971	5.886	446	2.144	23.447
Selt og aflagt .....	0	0	0 (	285)	( 285)
Staða 30.6.2008 .....	4.428.811	645.248	10.407	70.772	5.155.237
<i>Afskriftir og virðisrýrnun</i>					
Staða 1.1.2007 .....	1.428.413	17.258	4.746	19.590	1.470.006
Afskriftir tímabilsins .....	48.677	17.217	834	3.251	69.978
Selt og aflagt .....	0	0	0 (	1.291)	( 1.291)
Staða 31.12.2007 .....	1.477.090	34.474	5.579	21.550	1.538.694
Þýðingarmunur .....		( 8.536)	( 1.250)	( 776)	( 10.562)
Afskriftir tímabilsins .....	37.802	10.675	373	1.547	50.397
Selt og aflagt .....	0	0	0 (	228)	( 228)
Staða 30.6.2008 .....	1.514.892	36.614	4.702	22.093	1.578.301

## Skýringar, frh.:

### *Fastafjármunir í rekstri greinast þannig:*

<i>Bókfært verð</i>	Aflstöðvar	Flutnings- kerfi	Fjarskipta- búnaður	Aðrar eignir	Samtals
1.1.2007 .....	1.269.365	457.029	7.110	51.108	1.784.613
31.12.2007 og 1.1.2008 .....	2.936.750	652.250	7.154	55.507	3.651.660
30.6.2008 .....	2.913.919	608.634	5.704	48.679	3.576.937

### 11. Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Eignfærður undirbúnings- kostnaður	Vatns- og jarðhita- réttindi	Hugbúnaður	Samtals
<i>Kostnaðarverð</i>				
Staða 1.1.2007 .....	65.347	14.207	3.516	83.070
Viðbætur á árinu .....	28.413	26.361	2.175	56.949
Staða 31.12.2007 .....	93.760	40.568	5.691	140.019
Þýðingarmunur .....	( 1.493)	0	( 535)	( 2.028)
Viðbætur á tímabilinu .....	26.140	0	863	27.003
Staða 30.6.2008 .....	118.407	40.568	6.019	164.994
<i>Afskriftir og virðisrýrnun</i>				
Staða 1.1.2007 .....	32.268	0	1.654	33.922
Afskriftir og virðisrýrnun á árinu .....	11.247	0	735	11.982
Staða 31.12.2007 .....	43.515	0	2.389	45.904
Þýðingarmunur .....	( 4)	0	( 108)	( 112)
Afskriftir og virðisrýrnun á tímabilinu .....	516	0	420	936
Staða 30.6.2008 .....	44.027	0	2.701	46.728
<i>Bókfært verð</i>				
1.1.2007 .....	33.079	14.207	1.862	49.148
31.12.2007 og 1.1.2008 .....	50.245	40.568	3.302	94.113
30.6.2008 .....	74.380	40.568	3.317	118.264

## Skýringar, frh.:

12. Afskriftir og virðisrýrnun fyrirtækisins sundurliðast þannig:	2008	2007
Aflstöðvar .....	37.802	22.380
Flutningsvirki .....	10.769	8.139
Aðrar eignir .....	1.825	2.069
Afskrift eigna í rekstri .....	50.397	32.588
Virðisrýrnun á undirbúningskostnaði .....	516	4.215
Afskriftir hugbúnaðar .....	420	339
	<u>51.333</u>	<u>37.142</u>

Afskriftir og virðisrýrnun fyrirtækisins skiptist þannig á svið:

Orkusvið .....	38.105	22.744
Flutningskerfi .....	10.769	8.165
Almennar rannsóknir .....	516	4.215
Annar rekstrarkostnaður .....	1.943	2.018
	<u>51.333</u>	<u>37.142</u>

13. Afleiðusamningar í efnahagsreikningi sundurliðast þannig:

Eignir

Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum .....	1.110.969	685.551
Gjaldmiðlasamningar .....	56.926	86.939
Vaxtaskiptasamningar .....	1.294	1.622
Aðrir afleiðusamningar .....	790	12.895
	<u>1.169.979</u>	<u>787.007</u>

Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi:

Langtímahluti afleiðusamninga .....	1.016.309	659.516
Skammtímahluti afleiðusamninga .....	153.670	127.491
	<u>1.169.979</u>	<u>787.007</u>

Skuldir

Innbyggðir afleiðusamningar í raforkusamningum .....	30.892	20.393
Álvarnir .....	229.732	121.457
Gjaldmiðlasamningar .....	29.281	6.358
Vaxtaskiptasamningar .....	50.160	18.185
Aðrir afleiðusamningar .....	5.771	40
	<u>345.836</u>	<u>166.433</u>

Skipting afleiðusamninga er eftirfarandi:

Langtímahluti afleiðusamninga .....	290.408	105.191
Skammtímahluti afleiðusamninga .....	55.428	61.242
	<u>345.836</u>	<u>166.433</u>

## Skýringar, frh.:

### 14. Dótturfélög

Dótturfélög Landsvirkjunar eru eftirfarandi:

	Eignar- hlutur
Fjarski ehf. ....	100,0%
Hraunaveita ehf. ....	100,0%
Icelandic Power Insurance Ltd. ....	100,0%
Landsnet hf. ....	64,7%
Landsvirkjun Power ehf. ....	100,0%

### Eigið fé

15. Móðurfyrirtækið, Landsvirkjun er sameignarfyrirtæki ríkissjóðs og Eignarhluta ehf. Á ríkissjóður 99,9% eignarhluta í félaginu og Eignarhlutir ehf. 0,1%. Félagið er sjálfstæður skattaðili.

### Langtímaskuldir

16. Langtímaskuldir greinast þannig eftir gjaldmiðlum:

	Loka- gjaldldagi	2008 Meðal- vextir	Eftir- stöðvar	2007 Meðal- vextir	Eftir- stöðvar
Skuldir í ISK, verðtryggt .....	2009-2020	3,8%	470.216	3,8%	563.549
Skuldir í ISK, óverðtryggt .....	2009	13,3%	5.951	13,3%	7.613
Skuldir í CHF .....	2012-2022	2,5%	97.691	2,5%	88.452
Skuldir í EUR .....	2008-2026	4,6%	1.602.862	4,2%	1.576.710
Skuldir í GBP .....	2011-2016	11,4%	18.459	11,4%	18.984
Skuldir í JPY .....	2009-2013	1,0%	112.576	1,6%	43.871
Skuldir í USD .....	2008-2026	3,0%	850.535	4,8%	783.905
			<u>3.158.290</u>		<u>3.083.082</u>
Afborganir næsta árs .....			( 142.175)		( 347.329)
Skuldir til langs tíma samtals .....			<u>3.016.116</u>		<u>2.735.753</u>

Vaxtakjör af lánum móðurfyrirtækisins eru frá 1,0-14,5%. Að jafnaði voru nafnvextir á tímabilinu um 4,36% en þeir voru um 4,69% árið áður.

Reykjavíkurborg og Akureyrarbær bera einfalda ábyrgð með ríkissjóði á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað var til fyrir árslok 2006. Frá upphafi árs 2007 bera ríkissjóður og Eignarhlutir ehf. einfalda ábyrgð á öllum skuldbindingum Landsvirkjunar sem stofnað er til eftir þann tíma.

## Skýringar, frh.:

17. Samkvæmt lánasamningum eiga afborganir langtímaskulda að vera sem hér segir:

	2008
01.07.2008-30.06.2009 .....	142.175
01.07.2009-31.12.2009 .....	3.452
2010 .....	214.039
2011 .....	257.492
2012 .....	230.890
2013 .....	172.225
Síðar .....	2.138.017
	<u>3.158.290</u>

Eins og undanfarin ár er gert ráð fyrir endurfjármögnun á langtímaskuldum til lengingar lánstíma. Því má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

18. Skuldbinding vegna niðurrifs

<i>Breyting skuldbindingar vegna niðurrifs greinist þannig:</i>	2008	2007
Staða 1.1. ....	5.642	6.781
Gjaldfært á tímabilinu .....	176	431
Staða í lok tímabils .....	<u>5.818</u>	<u>7.212</u>

Í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla skal stofnverð varanlegra rekstrarfjármuna innifela áætlaðan kostnað við niðurrif þeirra að lokinni notkun. Áætlaður niðurrifskostnaður háspennulína hefur verið metinn og núvirtur miðað við forsendur um endingartíma. Á móti hefur verið færð upp skuldbinding meðal langtímaskulda. Í rekstrarreikning er færð til gjalda hækkun á skuldbindingunni sem nemur núvirðingu auk afskrifta á niðurrifskostnaði.

## Önnur mál

19. Þann 22. ágúst 2007 kvað sérstök matsnefnd upp úrskurð um fjárhæð bóta fyrir vatnsréttindi vegna Kárahnjúkavirkjunar og skiptingu þeirra milli eigenda. Matsfjárhæðin í heild nam 26,4 milljónum USD. Flestir eigendur vatnsréttinda á Jökuldal og þrír í Fljótsdal tilkynntu að þeir myndu ekki sætta sig við niðurstöðu matsnefndarinnar og höfðu dómsmál fyrir 22. febrúar 2008. Voru 40 mál þingfest í Héraðsdómi Austurlands 15. janúar 2008. Um er að ræða eigendur um þriðjungs vatnsréttindanna.

Uppgjör bóta fyrir landsréttindi vegna Háslóns í landi Brúar á Jökuldal er í biðstöðu í kjölfar úrskurðar óbyggðanefndar sem taldi landið vera þjóðlendur. Á þann úrskurð munu landeigendur láta reyna fyrir dómstólum.

20. Á árinu 2003 hófust virkjunarframkvæmdir við Kárahnjúka í framhaldi af gerð orkusölusamnings við Fjarðaál, dótturfélag Alcoa. Þar hefur verið reist 690 MW aflstöð og jafnframt lagðar flutningslínur til Reyðarfjarðar. Fimm af sex vélum virkjunarinnar voru gangsettar á fjórða ársfjórðungi 2007 og síðasta vélin var gangsett í febrúar 2008. Nánari lýsingar á magntölum og framkvæmdum er að finna á heimasíðu virkjunarinnar [www.karahnjukar.is](http://www.karahnjukar.is).

Eignfærður byggingakostnaður þess hluta Kárahnjúkavirkjunar sem hefur verið tekinn í rekstur nemur 1.720 milljónum USD í lok júní 2008. Í lok júní nam byggingarkostnaður þess hluta virkjunarinnar sem ekki er búið að taka í rekstur 320 milljónum USD.



### Fjárhagsleg áhætta

#### 21. Áhættustýring

Eitt það mikilvægasta í skilvirkri áhættustjórnun er greining áhættuþátta, mæling áhættu, viðbrögð til að takmarka áhættuna og eftirlit með henni. Stjórn fyrirtækisins hefur samþykkt stefnu við áhættustýringu sem byggir á eftirfarandi þáttum:

- Að áhætta sé skilgreind og uppruni hennar þekktur
- Að notaðar séu viðurkenndar aðferðir til mælingar á áhættu
- Að beitt sé virkri stýringu í samræmi við heimildir
- Að virkt eftirlit með áhættuþáttum sé tryggt
- Að upplýsingagjöf til áhættustjórnar og stjórnar sé regluleg og ítarleg

Í stefnu Landsvirkjunar um áhættustýringu eru skilgreind ásættanleg áhættumörk í hverjum áhættuflokki í samræmi við skilgreind markmið um æskilega langtímastöðu. Stjórn fyrirtækisins fær reglulega yfirlit þar sem áhætta fyrirtækisins og árangur áhættustýringar er metinn.

Ákvörðunartaka og eftirlit varðandi framkvæmd áhættustýringar er í höndum áhættustjórnar. Í áhættustjórn sitja forstjóri, staðgengill forstjóra og framkvæmdastjóri fjármálasviðs. Forstjóri er formaður áhættustjórnar. Dagleg áhættustýring er í höndum yfirmanns áhættustýringar.

Áhættustýring hefur það meginmarkmið að greina, stýra og fylgjast með áhættu Landsvirkjunar í þeim tilgangi að treysta rekstrarafkomu fyrirtækisins með því að draga úr sveiflum í rekstri vegna breytinga á gengi, vöxtum og álverði.

Fjárhagsleg áhætta greinist í markaðsáhættu, lausafjáraáhættu og mótaðilaáhættu.

Markaðsáhætta fyrirtækisins er einkum þrenns konar:

- Áhætta vegna breytinga á heimsmarkaðsverði á áli
- Vaxtaáhætta vegna lána fyrirtækisins
- Gjaldeyrisáhætta vegna skulda og sjóðstreymis

Lausafjáraáhætta og mótaðilaáhætta teljast einnig til fjárhagslegrar áhættu en áhætta vegna þessara þátta hefur takmörkuð áhrif á rekstur fyrirtækisins.

#### 22. Álverðsáhætta

Áhætta Landsvirkjunar af mögulegri lækkun álverðs í framtíðinni er umtalsverð. Fyrirtækið hefur því gert afleiðusamninga í því tilliti að tryggja tekjugrundvöll sinn og draga úr sveiflum. Í flestum tilvikum fela slíkir samningar í sér að álverð er fest á ákveðnu bili. Í lok júní var gangvirði áhættuvarnarsamninga neikvætt um 230 milljónir Bandaríkjadali en samningarnir eru virkir næstu sex árin. Heimildir áhættustýringar til álverðsvarna fara stíglækkandi ár frá ári fram í tímann. Þannig er áhættustýringu heimilt að verja allt að 100% af álverðsáhættu næsta árs og allt að 50% af samsvarandi áhættu sex ár fram í tímann. Um 70% heimilda hafa verið nýttar í lok júní 2008.

## Skýringar, frh.:

Samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum teljast innbyggðar afleiður vera afleiðusamningar sem eru hluti af öðrum samningum, en eru meðhöndlaðar sem aðskildir afleiðusamningar þegar hagræn einkenni og áhætta eru ekki nátengd upprunalega samningnum. Landsvirkjun hefur skilgreint þann hluta raforkusamninga sem tengjast álverði sem innbyggða afleiðu. Af þeim sökum tekur gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusamningum fyrirtækisins breytingum samhliða breytingum á álverði. Breyting á gangvirði samninganna færast í rekstrarreikning fyrirtækisins. Gangvirðisbreyting á innbyggðum afleiðum hefur takmörkuð áhrif á sjóðstreymi fyrirtækisins þar sem samningarnir eru til allt að 40 ára.

Við mat á virði innbyggðra afleiða er beitt viðurkenndum matsaðferðum þar sem markaðsverð liggur ekki fyrir. Gangvirði samninganna er reiknað út frá framvirku verði á áli, núvirt með vöxtum (e. zero-coupon) í Bandaríkjunum að teknu tilliti til flökts. Virkur markaður í viðskiptum með ál nær til næstu 7 ára og því þarf að áætla álverð frá þeim tíma til loka undirliggjandi raforkusamninga.

Álverð hefur verið áætlað með því að framlengja framvirk verð á áli miðað við síðasta þekkta verð ferilsins. Við útreikning á gangvirði innbyggðra afleiða hefur verið tekið tillit til óvissu um framvirk álverð í tengslum við langan líftíma samninganna.

Landsvirkjun hefur gert samninga um kaup á raforku til endursölu til stóriðju. Þessir samningar eru tengdir verðþróun áls og hafa því innbyggðar afleiður. Gangvirði samninganna er reiknað á sama hátt og með sömu forsendum og raforkusamningar fyrirtækisins.

Gangvirði innbyggðra afleiða alls sundurliðast þannig í milljónum USD:	30.06.2008	31.12.2007
Gangvirði innbyggðra afleiða í ársbyrjun .....	667	431
Breyting á gangvirði á tímabilinu .....	413	236
Gangvirði innbyggðra afleiða í lok tímabilsins .....	<u>1.080</u>	<u>667</u>

Skipting innbyggðra afleiða er eftirfarandi:

Langtímahluti innbyggðra afleiða .....	937	589
Skammttímahluti innbyggðra afleiða .....	143	78
Innbyggðar afleiður samtals .....	<u>1.080</u>	<u>667</u>

Gangvirði innbyggðra afleiða að teknu tilliti til afleiðusamninga sem gerðir hafa verið í áhættuvarnarskyni nam í lok júní um 850 milljónum Bandaríkjadala. Meðfylgjandi tafla sýnir breytingu á gangvirði samninga tengda álverði miðað við breytingar á álverði og vöxtum, en áhrif vegna breytinga í flökti eru óveruleg.

Fjárhæðir í töflunni eru í milljónum Bandaríkjadala fyrir skatta.

		Álverð		
		-10%	0%	10%
Vextir	+bp100	-306	-150	3
	0	-172	0	167
	-bp100	-13	175	358

## Skýringar, frh.:

---

### 23. Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta felur í sér áhættu á tapi vegna breytinga á verði gjaldmiðla gagnvart Bandaríkjadal. Áhættan verður til vegna mismunar í innstreymi og únstreymi fjármagns eftir myntum og samsetningu lánasafns.

Töluverðar sveiflur geta orðið á lánasafni fyrirtækisins gagnvart Bandaríkjadal milli reikningstímabila, þar sem um 50% af lánasafninu er óvarið gagnvart dollar. Áhættan af breytingum lánasafnsins er hins vegar takmörkuð miðað við áhættuviðmið stjórnar hverju sinni og samsetningu efnahagsreiknings. Fyrirtækið tryggir að auki fast gengi sjóðstreymis gagnvart uppgjörsmýnt allt að þrjú ár fram í tímann með framvirkum samningum og vilnunum.

Gangvirði gjaldeyris skiptasamninga var jákvætt um 28 milljónir Bandaríkjadala í lok júní 2008. Undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nam 572 milljónum Bandaríkjadala. Gangvirði framvirkra samninga með gjaldeyri var neikvætt um 233 þúsund Bandaríkjadala en undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nam um 24 milljónum Bandaríkjadala. Gangvirði valréttarsamninga með gjaldeyri var neikvætt um 6 milljónir Bandaríkjadala og undirliggjandi fjárhæð höfuðstóls nam sem svaraði til um 807 milljóna Bandaríkjadala.

### 24. Vaxtaáhætta

Landsvirkjun býr við vaxtaáhættu þar sem fyrirtækið er með vaxtaberandi eignir og skuldir. Vaxtaberandi fjárskuldir eru mun hærri en vaxtaberandi fjáreignir. Í þeim tilfellum sem um fasta vexti fjárskulda er að ræða er markaðsáhættan falin í því að vextir geta lækkað í framtíðinni og fyrirtækið verði því að bera hærri fjármagnskostnað en ella. Í tilfelli fjármálagerninga með breytilega vexti er áhættan falin í því að vextir hækki.

Landsvirkjun hefur gert samninga um vaxtaskipti sem miða að því að draga úr vaxtakostnaði fyrirtækisins og draga úr áhættu. Í lok júní var gangvirði vaxtaskiptasamninga neikvætt um 49 milljónir Bandaríkjadala. Undirliggjandi fjárhæð nam 438 milljónum Bandaríkjadala. Gangvirðisbreytingar vaxtaskiptasamninga eru færðar í gegnum rekstrarreikning.

### 25. Lausafjáraáhætta

Lausafjáraáhætta felur í sér hættu á tapi ef fyrirtækið getur ekki staðið við skuldbindingar sínar á gjalddaga. Til þess að bregðast við slíkri áhættu er fylgst með lausafjástöðu fyrirtækisins með greiningu á innborgunum tekna og útborgun gjalda og gjalddögum fjáreigna og fjárskulda. Virk stýring lausafjár tryggir nægjanlegt aðgengi að lausafé á hverjum tíma. Til að tryggja greiðan aðgang að fjármagni og viðhalda sveigjanleika í fjármögnun hefur Landsvirkjun nýtt sér mismunandi tegundir lána. Undanfarin ár hefur fjármögnun þó að mestu farið fram í gegnum EMTN (e. Euro Medium Term Note) rammasamning fyrirtækisins. Með honum er sýnileiki fyrirtækisins á erlendum lánsfjármörkuðum tryggður. Heildarfjárhæð sem fyrirtækið getur tekið að láni í gegnum EMTN-samninginn er 2,5 milljarðar Bandaríkjadala.

Ríkisábyrgð á lánum Landsvirkjunar og góð lánshæfiseinkunn hefur auðveldað fyrirtækinu lánsfjármögnun. Fyrir ríkisábyrgðina á lánum greiðir Landsvirkjun árlega 0,25% ábyrgðargjald af höfuðstól lána á hverjum tíma. Endurfjármögnunaráhætta fyrirtækisins er takmörkuð með jafnri dreifingu afborgana og vaxta og með löngum líftíma útistandandi lána.

Landsvirkjun hefur það að markmiði að hafa fyrirvaralítinn aðgang að lausafé sem samsvarar að jafnaði til sex mánaða hreinnar fjárþarfar fyrirtækisins, að lágmarki. Til lausafjár teljast sjóðir, bankainnstæður, skammtímaverðbréf og opnar lánalínur hjá fjármálafyrirtækjum. Í lok júní nam handbært fé samstæðunnar um 137 milljónum Bandaríkjadala en einnig var óádrægið bankalán að upphæð 350 milljónir Bandaríkjadala, eða alls 487 milljónir dala. Fyrirtækið hefur með þessu tryggt sér lausafé út árið 2010.

### 26. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta felur í sér áhættu um að gagnaðili samnings uppfylli ekki ákvæði hans. Mótaðilaáhætta Landsvirkjunar verður fyrst og fremst til vegna raforkusamninga til stóriðju og afleiðusamninga fyrirtækisins sem eru gerðir í áhættuvarnarskyni, en slíkir samningar eru eingöngu gerðir við fjármálafyrirtæki. Þó svo um verulegar fjárhæðir geti verið að ræða er áhættan takmörkuð með kröfum fyrirtækisins um gæði mótaðila. Landsvirkjun hefur sett sér sem viðmið varðandi afleiðuviðskipti að ekki eru gerðir samningar við fjármálastofnanir sem hafa lægri lánshæfiseinkunn en A- frá Standard og Poor's eða sambærilega lánshæfiseinkunn frá öðrum viðurkenndum matsfyrirtækjum, nema því aðeins að gerðir séu sérstakir tryggingasamningar milli aðila sem takmarka áhættu Landsvirkjunar. Áður en gerðir eru samningar um sölu á raforku er farið ítarlega yfir fjárhagsstöðu viðkomandi fyrirtækja og móðurfélaga þeirra ef við á.